

Siglingaráð

42. fundur

Dags.: 14. júní 2023, kl. 11:00 til 12:30 í Eldingu við Ægisgarð.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (irn), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Eyþór H. Ólafsson (Samtök verslunar og þjónustu), Auðunn Kristinsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Eggert Ólafsson (irn), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 41. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Umsóknir um styrki til hugvitsmanna (sendar í tölvupósti ath ekki til dreifingar).
- Matsblað nefndar varðandi styrki til hugvitsmanna (sent í tölvupósti).
- Tillögur til breytinga á siglingalöggjöf (sendar í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ/ÁP bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- Fundargerð 41.** fundar samþykkt.
- Kynning á Eldingu.** RG kynnti feril sinn og ferðaðþjónustufyrirtækið Eldingu sem hóf starfsemi árið 2000 í Sandgerði með eitt skip. Síðan hefur fyrirtækið vaxið og dafnað með starfsemi í Reykjavík og á Akureyri en hjá þeim starfa á háannatíma á sumrin allt að 100 manns af ýmsu þjóðerni. Nú eru í rekstri 9 skip og 3 rib-bátar ásamt aðstöðu við Ægisgarð. Öryggismál eru í öndvegi hjá Eldingu þar sem lögð er áhersla á öryggisstjórnun þ.m.t. öryggisstefna, handbækur, öryggisreglur, virkar öryggisnefndir, samráðsfundir, reglulegar æfingar og fræðsla, atvikaskráning, áhættumat, notkun gátlista fyrir undirbúning ferða og upplýsingar/fræðsla fyrir farþega. Fyrirtækið er með skýra stefnu um samskipti milli starfsmanna og er umhugað um umhverfismál. Margar áskoranir fylgja rekstrinum t.d. að meta veður og sjólag m.t.t. ferða og fékk sjólag.is hrós sem og nýlegt öldudufll á Faxaflóa. Þá eru erfiðleikar með manna skipin með réttindamönnun, löng bið eftir afgreiðslu réttindaskírteina, mat á erlendum öryggisfræðsluskírteinum mismunandi, skipaskoðunin erfið viðureignar, mikil vinna við að lögskrá á skipin þar sem menn fara á milli skipa innan dags. Samskipti við Samgöngustofu hafa oft gengið treglega og erfitt að ná í stofnunina utan þess tíma sem skiptiborð er opið. Starfstöð SGS á Ísafirði fékk hrós fyrir góða þjónustu frá þeim sem þekktu til hennar. Mikil samkeppni í atvinnugreininni og orkuskipti skipa framundan en óljóst með hvaða orkugjafa. Skoðunarferðir á skipum er tiltölulega ný atvinnugrein hér á landi og hefur ekki verið hugaða nægilega að þörfum hennar varðandi aðstöðu t.d. við Reykjavíkurbörn og regluverkið umhverfis starfsemina. Í umræðu eftir kynninguna var komið inná mönnun farþegaþá hvort tveir í áhöfn ráði við neyðaraðstæður td. komi upp eldur um borð. Af hverju afgreiðsla réttindaskírteina taki marga daga og rætt um þörf á þjónustu SGS utan opnunartíma vegna lögskráningarmála en menn binda miklar væntingar við Skútuna m.a. með rafrænni lögskráningu. AK sagði að í eftirliti LHG með skoðunarskipum væru hlutirnir yfirleitt í lagi núorðið og að Vaktstöð siglinga/stjórnstöð LHG væri opin allan sólarhringinn en menn hringi oft þangað í vandræðum með lögskráninguna. HS sagðist oft fá hringingar um helgar frá skipstjórum sem geta ekki lögskráð skipverja og því ærin ástæða til að vera með neyðarnúmer á lokunartíma SGS. AK/LHG og KHM/SGS ætla að ræða málið áfram og finna lausn td. í gegnum vaktstöð siglinga sem opin er allan sólarhringinn.

3) **Styrkir til hugvitsmanna.** ÁP upplýsti að margar umsóknir hafi borist í þetta skiptið sem er jákvætt en fjármunir takmarkaðir til skiptanna eða samtals 2.5 mkr. í styrki til hugvitsmanna. Heildarupphæð til ráðstöfunar í verkefni á vegum Öryggisáætlunarinnar er eingöngu 13 m.kr en þarf af fara 2,5 m.kr. í nýsköpunarstyrki (Fjárveitingar til öryggisáætlunar sjófarenda hafa verið lengi í um 13,5 m.kr/ár en voru hærri fyrir 2011)
ÞP sagði frá aðferð matsnefndarinnar (ÞP, RG og GHB) til að komast að þeirri niðurstöðu sem kynnt var á fundinum (sjá gögn nr. 4). Lagði matsnefndin til að þrjár umsóknir sem fengu flest stig í matsferlinu yrðu styrktar en það eru Rafræn öryggishandbók (Tero) 1.9 m.kr, Alda öryggisstjórnunarkerfi 0,5 m.kr og Fjarskiptakennsla (POE Iceland) 0,1 m.kr en þeirri umsókn er bent á að sækja um fjárveitingu til Fjarskiptasjóðs.
Fram kom í umræðunni að þörf sé á góðu kennsluefni í fjarskiptum skemmtibáta sem og annarra báta en gerð þess megi styðja á ýmsa vegu og hefur verið leitað til P&F. Einnig kom fram að auglýsing með hvatningu til notkunar uppblásanlegra björgunarvesta væri í vinnslu hjá SGS. Að lokinni umræðu var tillaga nefndarinnar samþykkt.

4) Önnur mál.

- a) **AGGAN öryggishugbúnaður fyrir smáskip.** Verkefnið, litla systir Öldu, var kynnt á 38. fundi þann 2. febrúar s.l. en það verður endurgjaldslaust fyrir smábáta takist að fjármagna þróunina og verður veittur sérstakur styrkur af öryggisáætlun á þeim forsendum.
- b) **Tillögur til breytinga á siglingalöggjöf.** ÁP upplýsti um fimm tillögur að Evrópu reglum/tilskipunum sem varða hafnaríkiseftirlit og rannsóknir á sjóslysum með það fyrir augum að fækka slysum og atvikum sem og mengun. ÁP sendir tillögurnar á ráðið til skoðunar.

Næsti fundur verður í september og boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.